



Alþingi
Erindi nr. P 139/813
komudagur 8.12.2010

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 7. desember 2010

**Tillaga til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.
139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 8 - 8. mál.**

Umsögn frá stýrihópi um heilsueflandi heimsóknir á Akureyri og nágrenni.

Stýrihópur um heilsueflandi heimsóknir á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri (HAK) frétti fyrir tilviljun af þessari þingsályktunartillögu en hún var hvorki send Akureyrarbæ né HAK til umsagnar. Þar sem heilsueflandi heimsóknir til aldraðra hafa verið hluti af þjónustu á starfssvæði HAK frá árinu 2000 teljum við ástæðu til að senda inn umsögn um áðurnefnda tillögu með upplýsingum um framkvæmd þjónustunnar hér á svæðinu.

Heilsueflandi heimsóknir hófust sem tilraunaverkefni á árunum 2000 og 2001 og voru í upphafi kostaðar af Akureyrarbæ. Reynslan á þessu tilraunatímabili var afar jákvæð og því var ákveðið að halda þjónustunni áfram. Frá árinu 2002 hafa heilsueflandi heimsóknir verið hluti af þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis og Akureyrarbæjar um rekstur HAK. Framkvæmdin tekur mið af reynslu og framkvæmd slíkra heimsókna í Danmörku og vel er fylgst með þróun og breytingum í þjónustunni þar. Fagfólk á þessu sviði héraðs hefur um langt árabil horft til Akureyrar sem fyrirmyndar í fyrirbyggjandi heilsuvernd fyrir aldraða, einmitt vegna þessara heimsókna. Árið 2006 héldum við málþing á Akureyri um þessar heimsóknir og þar mættu yfir 70 manns allsstaðar af landinu; frá sveitarfélögum og úr heilsugæslu, þar sem unnið er með þessi mál. Eftir því sem við best vitum hafa verið gerðar tilraunir til að veita svipaða þjónustu í fleiri bæjarfélögum sem hafa þá sína eigin útfærslu á heimsóknunum.

Stýrihópur heilsueflandi heimsókna á Akureyri fagnar þessari þingsályktunartillögu og telur víst að þessi einfalda forvörn skili sér margfalt í betri lífsgæðum og minnki þörf fyrir stofnanavistun. Kostnaður við heimsóknirnar er tiltölulega lítill miðað við þann ávinning sem þær hafa í för með sér. Í þeim breytingum sem eiga sér stað á fjölda hjúkrunarrýma á landinu væri lag að færa til fé úr stofnanþjónustunni í forvarnirnar, hvort sem það yrði á hendi sveitarfélaga eða heilsugæslu að útfæra þjónustuna.

Forvarnagildi þessara heimsókna virðist, samkvæmt reynslu okkar og annarra, einkum felast í því að veita aukna öryggiskennnd. Í heimsóknunum er lögð áhersla á vellíðan og heilsueflandi lífsstíl frekar en sjúkdóma og færniskerðingu og þannig eflist fólk í

viðleitni sinni til að viðhalda og jafnvel auka sjálfsbjargargetu sína og færni. Þannig frestast þörfin fyrir dýrustu þjónustuúrræðin.

Í Danmörku var farin sú leið að láta sveitarfélögin um að útfæra hvert fyrir sig þessar heimsóknir og þar eru þær jafn misjafnar og sveitarfélögin eru mörg. Sumstaðar er mikill metnaður lagður í þær, annarstaðar er þátttaka og áhugi lítill og árangurinn eftir því rýr. Það er því mikilvægt að lagt verði af stað í þetta verkefni með það að leiðarljósi að nýta þá reynslu sem til er af slíkum heimsóknum, efla það sem virkar vel og sleppa hinu sem ljóst er orðið að ekki skilar árangri.

Allar upplýsingar um heimsóknirnar, og framkvæmd þeirra hér, eru fúslega veittar af undirrituðum.

Virðingarfyllst,

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir
framkvæmdastjóri
Búsetudeildar Akureyrarbæjar

Margrét Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri